



## 19. stjórnarfundur LH 2014

Haldinn 21. ágúst í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir voru: Haraldur Þórarinnsson, Sigurður E. Ævarsson, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Þorvarður Helgason, Oddur Hafsteinsson, Helga B. Helgadóttir, Axel Ómarsson, Hilda Karen Garðarsdóttir

### 1. Fundargerðir 16. og 17. stjórnarfunda lagðar fyrir

Fundargerð 16. fundar var lögð fyrir fundinn en fundargerð 17. fundar ekki. Þær munu báðar verða sendar á stjórn og óskað eftir samþykki þeirra í tölvupósti. Að því loknu verða þær birtar á vef LH eins og venja er.

### 2. 59. Landsþing LH á Hótel Selfossi 17. – 18. október 2014 – verkefni og undirbúningur

Hilda Karen kynnti undirbúning og vinnu sem stendur yfir vegna 59. Landsþings LH. Undirbúningur á góðu róli og nokkur bréf þegar verið send út til formanna félaga í LH, formanna héraðssambanda, kjörbréfin o.fl. Hilda vann og kynnti verkefnalista sem stjórn LH vinnur fyrir þingið. Sjá hér að neðan:

- Fundur með kjörbréfanefnd
- Málefni - erindi
- Tillögur frá stjórn
- Kosningar
- Þingforseti/ar og ritara (Sleipnir sér um ritara)
- Þingnefndir – formenn og tillaga að fulltrúum
- Gullmerkishafar
- Látnir félagar
- Æskulýðsbikar LH
- Makaferð – Sleipnir
- Fulltrúar á ÍSí þing
- Íslandsmótsstaðir 2015 og 2016

Í framhaldi af góðri umræðu um þennan lista, var ákveðið að næsti fundur yrði fimmtudaginn 4. september. Þar yrðu málefni og tillögur stjórnar til landsþings ræddar og mikilvægt væri að stjórnarmenn kæmu vel undirbúnir á þann fund. Jafnframt var samþykkt að stjórn myndi gefa út sínar tillögur þann 8. september.

Sigurbjörn Magnússon lögmaður hefur verið að skoða lög og reglur LH með tilliti til laga ÍSí. Fá frá honum tillögur ef við þurfum að leggja breytingar fyrir LH þing.

Rætt var um að innanhúsmót þurfi að skilgreina betur í lögum og reglum LH.

Samþykkt að stjórn myndi beina því til kjörbréfanefndar að skipa fjárhagsnefnd þingsins sem fyrst í samræmi við samþykkt síðasta landsþings.

Ræddar voru tillögur að erindum á Landsþingi, m.a. að fá Viðar Halldórsson félagsfræðing til að halda erindi svipað því sem hann hélt á formannafundi LH 2013, þ.e. um félagsstörf almennt, nýliðun og sjálfbóðaliðastarf. Einnig var rætt um að Sigríður Björnsdóttir dýralæknir kæmi og kynnti niðurstöður heilbrigðisskoðana 2014.



### 3. Landsmót hestamanna ehf – næstu skref

Framkvæmdastjóri fór yfir í grófum dráttum yfir stöðu Landsmóts ehf. Enn eiga eftir að berast gögn, og ljúka þarf málum. Framkvæmdastjóri mun skila skýrslu og kynna hana fyrir stjórn LH fyrir Landsþing.

Ákveðið að halda fundaröð um landið um landsmót og tilgang og markmið þeirra. Einnig þarf að ræða staðarval út frá markmiðum mótsins.

### 4. Innsent erindi frá Járningamannafélagi Íslands, JÍ

Fram kom erindi frá JÍ, þar sem félagið óskar eftir því að stjórn LH leggi fram tillögu á n.k. landsþingi um að framvegis fái JÍ tillögu- og umræðurétt á landsþingum LH. Um yrði að ræða einskonar aukaaðild JÍ að LH, þar sem JÍ hefði vægi sem faglegur umsagnaraðili og ráðgjafi í málefnum sem varða heilbrigði, járningar, regluverk um járningar (almennt og varðandi keppni) og framkvæmd fótaskoðana í keppni.

Enn fremur leggur stjórn JÍ til að stjórn LH leggi fram eftirfarandi tillögu á n.k. landsþingi:

- Settar verði reglur til að koma á samræmingu um starfsreglur fótaskoðunarmanna .
  - Þ.e. allir hestar séu metnir út frá sömu forsendum á öllum stærri mótum, þ.e.a.s. úrtökum fyrir landsmót og heimsmeistaramót, World ranking mót, Landsmót, Íslandsmót, Heimsmeistaramót, auk annarra stórmóta erlendis.
  - Mennta fótaskoðunarmenn sem starfa á þessum mótum. Fótaskoðunarmenn munu þá starfa undir stjórn yfirdómara, samhliða öðrum dómurum mótsins.

Járningamannafélag Íslands er reiðubúið að skilgreina hæfniskröfur sem gera skal til fótaskoðunarmanna, skipuleggja og standa fyrir námskeiðum fyrir varðandi fótaskoðunarmenn. Þá viljum við benda á að þetta þarf ekki að auka kostnað á mótum, hestamannafélög geta sent menn á þessi námskeið og haft þá á sínum snærum og fengið þá til vinnu á mótum á félagslegum grunni eins og hefur tíðkast hingað til.

Niðurstaða var sú að skoða þyrfti málið með framkvæmdastjóra ÍSÍ um hvernig og hvort af slíkri aðild geti orðið og þá með hvaða hætti og í sama farvegi er aðild FT að LH.

### 5. Önnur mál

#### a. Íslandsmótin

Samþykkt var að leggja fram tillögu um fastar dagsetningar á Íslandsmótin eins og stjórn hefur samþykkt.

#### b. Heilbrigðisskoðanir

Umræður um að fá Sigríði Björnsdóttur til að koma á næsta stjórnarfund og ræða heilbrigðisskoðun á síðasta Landsmóti.

#### c. Framtíða Landsmótanna

Vinna áfram með tillögu frá síðasta landsþingi um Landsmót og framtíð þeirra í samstarfi við BÍ. Formaður mun taka málið áfram.

#### d. FT á skrifstofu LH?

Framkvæmdastjóra LH falið að boða Súsönnu Ólafsdóttur formann FT á framhaldsfund varðandi óskir FT um aðstöðu á skrifstofu LH.



- e. **Uppskeruhátíð hestamanana**  
Þorvarður kynnti niðurstöður vinnuhóps um Uppskeruhátíðina. Ákveðið hefur verið að halda hátíðina að Gullhömrum í Grafarholti þann 8. nóvember í samstafi LH og Félags Hrossabænda. Staðarhaldari sér um að ráða hljómsveit og mun sjálfur sjá um sölu inn á dansleik sem fylgir.
- f. **Aganefnd skilaði niðurstöðu** vegna erindis frá stjórn LH frá 19.06.2014 um hegðun dómara. Taldi nefndin að erindið hefði borist of seint og að auki væri þess ekki getið í mótsskýrslu frá mótinu.
- g. **Sportfengur og Kappi**  
Framkvæmdastjóri LH bar upp fyrirspurn um fyrirkomulag varðandi þennan málaflokk, og þá sérstaklega fjámálahluta hans sem snýr að LH. Niðurstaða var sú að tölvunefnd og framkvæmdastjóri munu fara yfir málið.
- h. **Starfsmannamál**  
Framkvæmdastjóri LH kynnti breytingar. Hilda Karen er á leið í fæðingarorlof í lok október. Anna Lilja Pétursdóttir sem var starfsmaður Landsmóts lét af störfum 18. júlí. Ráðin verður Jóhanna Gunnarsdóttir sem starfsmaður LH og Landmóts, og byrjar 10. september n.k.
- i. **Bókari á skrifstofu LH**  
Framkvæmdastjóri LH bar upp þá tillögu að fá bókara til að koma með reglulegu millibili á skrifstofuna og færa bókhalð. Þessi tillaga hefur verið rædd við endurskoðanda LH og er hann fylgandi henni. Þetta fyrirkomulag mun auka skilvirkni bókhalðs og spara tíma og kostnað. Var það samþykkt af stjórn.
- j. **Bréf vegna tímatökumáls**  
Bréf frá keppnisnefnd vegna áður innsends erindis frá Sigurbirni Bárðarsyni vegna tímatöku í skeiði á Landsmóti – Niðurstaðan var sú að framkvæmdastjóra LH og formanni keppnisnefndar LH var falið að svara Sigurbirni í samræmi við bréf til stjórnar frá keppnisnefnd sem kynnt var á fundinum.
- k. **Samskipti LH við sportleiðtoga FEIF**  
Rætt var um bréfaskriftir og umræður frá sportleiðtoga FEIF, Doug Smith - Stjórn furðar sig á þessu vinnulagi og þeim staðhæfingum sem þar eru settar fram. Samþykkt var að vinna að gerð bréfs til stjórnar FEIF vegna málsins.
- l. **Starf nefnda LH**  
Oddur lagði fram fyrirspurn um að fá yfirlit yfir starf nefnda sem LH skipaði milli þinga. Allar nefndir sem á annaðborð starfa skila skýrslu til stjórnar LH.
- m. **TREC**  
Unnið er áfram að TREC málum í samstarfi við Tómas Inga Olrich og Thierry Mourouard. Hugmynd að fá Thierry hingað til lands með námskeið og einnig að senda fjóra fulltrúa frá Íslandi til starfsnáms í TREC. Vinna áfram með Tómasi Inga.
- n. **Lyfjamál**  
Rætt um að fá Skúla Skúlason formann lyfjaráðs ÍSÍ til að fara yfir lyfjamálið í sumar.
- o. **Hall of fame - frægðarhöllin**  
Formaður og framkvæmdastjóri LH eiga brátt fund með framkvæmdastjóra ÍSÍ og þar verður málið tekið upp.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.  
Fundargerð ritaði Axel Ómarsson.*